

***Reglur um akstursþjónustu  
fyrir eldri borgara  
í  
Sveitarfélaginu Árborg***

**1. gr.**

**Markmið**

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera eldri borgurum í Sveitarfélaginu Árborg kleift að búa lengur utan stofnana. Sveitarfélagið Árborg mun semja við viðurkennda bifreiðastöð um að sinna umræddri þjónustu.

**2. gr.**

**Umsókn um akstursþjónustu**

Umsókn um akstursþjónustu skal beint til Félagsþjónustu Árborgar á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Uppfylli umsækjandi skilyrði 3. gr. fær hann afhent notendakort og útdráttur af reglum þessum.

**3. gr.**

**Réttur til þjónustu**

Akstursþjónustan er eingöngu fyrir íbúa Árborgar, 67 ára og eldri, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og búa utan stofnana. Þeir eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til langframa á stofnunum, þ.e. dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum og/eða sjúkrahúsum, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum, sbr. 23. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1998.

Um akstursþjónustu við eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum Árborgar um ferðapjónustu fatlaðra.

Um akstur í dagdvöl aldraðra fer samkvæmt reglum Árborgar um ferðapjónustu fatlaðra.

Heimilt er að veita blindum einstaklingum, yngri en 67 ára, þjónustu samkvæmt reglum þessum. Með umsókn skal leggja fram læknisvottorð.

**4. gr.**

**Skilgreining á þjónustu**

Samkvæmt reglum þessum skal akstursþjónusta aðeins veitt innan marka Sveitarfélagsins Árborgar. Hámarksfjöldi ferða er 20 ferðir á mánuði. Akstur er í boði alla virka daga frá kl. 8:00 – 18:00.

**5. gr.**

**Ferðir**

Handhafar notendakorta geta pantað ferðir hjá viðkomandi bifreiðastöð. Notendur skulu leitast við að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Bifreiðarstjóri bíður ekki meðan notandi sinnir erindum og bifreiðarstjóra er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðarstjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur eftir þörfum.

Sveitarfélagið leggur ekki til aðstoðarmann fyrir notendur en þeim er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann, sé það tekið fram þegar ferð er pöntuð. Aðstoðarmaður skal greiða sama gjald og notandi.

Notendur skulu kvitta fyrir þjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem bifreiðarstjóri framvísar. Sé notandi sjónskertur og ófær um að kvitta fyrir þjónustu, skal hann nota stimpil.

Notendur skulu greiða bifreiðarstjóra gjald skv. gjaldskrá. Séu fleiri en einn notandi í sömu bifreið skulu allir notendur greiða umsamið gjald.

**6. gr.**

**Málsmeðferð**

Starfsmenn Félagsþjónustu Árborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Árborgar. Sé umsókn um þjónustu hafnað eða ágreiningur um túlkun reglna þessara, skal málið afgreitt með skriflegum hætti af starfsmönnum félagsþjónustu og jafnframt kynntur réttur notenda til að vísa málinu til félagsmálanefndar. Kærufrestur til nefndarinnar er fjórar vikur frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt viðkomandi skriflega og um leið kynntur réttur hans til málsskots til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 17. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglurnar taka gildi 1. desember 2017.

*Samþykkt í félagsmálanefnd 7. nóvember 2017 og í bæjarstjórn Árborgar þann 15. nóvember 2017.*